Qualified Electronic Signature
GUÐBJÖRG STELLA ÁRNADÓTTIR
2022-11-01 13:41:44 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
GOTTSKÁLK FRIÐGEIRSSON
2022-11-01 14:02:07 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 31. október 2022
UST202201-303/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir T0025**

Umhverfisstofnun barst þann 22. maí sl. þykktarmælingar á geymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Geymirinn hefur fastanúmerið T0025 og eigendanúmerið 101.21.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey. Geymirinn er liggjandi stálgeymir en smíðaár hans er ekki tiltekið í skýrslu.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf., þann 11. maí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var umfar hans mælt utanfrá og var sjónskoðun einnig framkvæmd

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu. Að utanverðu lítur geymirinn þokkalega út en þarfnast viðgerðar og málningar. Suðurhlið umfars er dældað á kafla. Upprunaleg þykkt á belg er u.þ.b. 10,0 mm. Mældist minnsta þykkt á belg 9,2 mm og 9,4 mm á endaloki.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
***Sérfræðingur***

Gottskálk Friðgeirsson